

Skrambi 2023





Vorfundur hjá Skrömbum
í Hörpunni þann 16. mars kl. 17:00

Dagskrá fundar

Leikdagar sumarsins

Niðurröðun í holl

Heimasíða

Holukeppnin, fyrirkomulag

Nýir félagar

Gestir

Utanlandsferð 7. til 12. september

Upplýsingar á heimasíðu <https://www.skrambi.is/projects-3>

Önnur mál

1. Gestir

Þegar Skrambafélagar taka gesti með í mótin okkur þá á gesturinn og Skrambafélaginn undantekingarlaust að spila saman í hollu. Við erum í þessum félagsskap til þess að spila saman og ef gestur mætir þá á hann að fylgja sínum gestgjafa.

2. Niðurröðun í holl

Ég tel að það sé farsælast að hverfa aftur til fyrra horfs að draga í holl nú eða halda utan um hverjir spila saman í hverju móti og raða niður í holl eftir því hverjir hafi sem minnst spilað sama þannig að dreifingin í holl yfir árið sé sem jöfnust. Ástæðan fyrir þessari tillögu er sú að mér hefur fundist niðurröðun í hollin vera á köflum mjög einhæf og ekki til þess fallinn að við spilum sem mest saman, allur hópurinn.



Utanlandsferð

Fyrirhuguð ferð á þrjátíu og eins árs afmæli félaga Skramba er á hið vinallega svæði Gernsheim.

Golfvallarsvæðið er okkur félögum Skramba ekki óþekkt þar sem við höfum verið þar áður og sumir okkar nokkrum sinnum. Þarna eru tveir vellir. Stórmót verður haldið sitthvoru megin við okkar veru á vellinum og því má búast við að hann verði upp á sitt besta þegar Skrambi leikur þar.

Golf dagskráin:

Fimmtudagur 7. september - kl. 15:30 LuftHansa Course

Föstudagur 8. september kl. kl. 10:00 LuftHansa Course

Laugardagur 9. september kl. 09:00 og svo aftur kl. 14:30 Parkland Platz 36 holur

Sunnudagur 10. september kl. 11:00 Parkland Platz

Mánudagur 11. september kl. 10:00 LuftHansa Course og svo 9 holur á Parkland (óstaðfestur tími)

Lufthansa Open er á laugardegi og sunnudegi og er Lufthansa völlurinn því frátekinn þá daga. Okkur gefst því ekki tækifæri á að blanda þessu betur á milli valla.



Icelandair FI520 Keflavik Frankfurt 7. September 2023 kl. 07:25
Icelandair FI521 Frankfurt Keflavik 12. September 2023 kl. 14:00

Verðið sem við höfum fengið í þetta:
€ 1007,50 per Person in a single room
€ 857,50 per Person in a double room

Eins og staðan er núna (mars 2023) þá erum við með 6 single herbergi og 7 double. Þessu verður mögulegt að breyta ef þetta er eitthvað skakkt.

Bókunarskilmálar:

Við viljum fá góða mynd af mætingu á Hörpu fundinum þann 16. mars 2023.

Þeir sem skrá sig greiða staðfestingar gjald fyrir 1. maí 2023 á reiknings númer Skramba sem er sjáanlegt neðst á vefsvæði Skramba.

Staðfestingar gjaldið er kr. 35.000 og er óafturkræft og mun það nýtast í þann kostnað sem fellur til ef breytinga er þörf þegar nær dregur.

Að venju eru gestir á kantinum og þeir fá pláss sem félagar Skramba nýta sér ekki..





